

Þjónustumiðstöð

vegna jarðskjálfta á Suðurlandi í maí 2008

Skýrsla verkefnisstjóra

Forsætisráðuneytið

Janúar 2010

Útgefandi: Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu v/Lækjargötu
150 Reykjavík
Sími: 545-8400
Netfang: postur@for.stjr.is
Veffang: forsætisraduneyti.is

Höfundur: Ólafur Örn Haraldsson

Umbrot og textavinnsla: Forsætisráðuneytið

© 2010 Forsætisráðuneytið

ISBN 978-9979-9870-4-8

Efnisyfirlit

1. AÐDRAGANDI OG ALMENN ATRIÐI.....	1
JARÐSKJÁLFTI REIÐ YFIR SUÐURLAND 29. MAÍ 2008	1
ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ VEGNA JARÐSKJÁLFTA Á SUÐURLANDI KOMIÐ Á FÓT.....	1
JARÐSKJÁLFTASJÓÐUR	1
ALÞINGI SETTI LÖG	2
ALMENNT ÁRANGURSMAT	2
TÍMARÖÐ NOKKURRA ATBURÐA HJÁ ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐINN.....	3
2. VERKEFNISSTJÓRN OG SAMRÁÐSHÓPUR.....	5
YFIRSTJÓRN VERKEFNISINS	5
VERKEFNISSTJÓRI OG STARFSSAMNINGUR HANS	5
SAMRÁÐSHÓPUR STOFNAÐUR.....	6
3. UPPLÝSINGAMIÐLUN, BORGARAFUNDIR, BLAÐAMANNAFUNDIR.....	7
BORGARAFUNDIR.....	7
BLAÐAMANNAFUNDUR VIKU EFTIR SKJÁLFTA.....	7
4. INNRA STARF ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVARINNAR.....	11
OPNUNARTÍMI ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVANNA FYRSTU VIKUNA	11
STARFIÐ FYRSTU FJÓRAR VIKURNAR.....	11
STUÐNINGUR ALMANNAVARNADEILDAR OG RÁÐUNEYTA	11
SÁLÆNN STUÐNINGUR.....	12
FÉLAGASAMTÖK LÖGÐU FRAM STUÐNING.....	13
BÚNAÐUR Í ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ.....	13
UPPLÝSINGAMIÐLUN	13
MÖNNUN – STARFSMAÐUR ÚR HEIMABYGGÐ OG MATSMAÐUR	14
HÚSNÆÐI.....	15
MAT Á TJÓNUM OG TILLÖGUR UM STYRKI	15
VERKLAGSREGLUR, SKRÁNINGAR- OG SKÝRSLUFORM.....	16
VÍSINDA OG SÉRFRÆÐISTOFNANIR.....	16
ÝMSAR ÁBENDINGAR EINSTAKLINGA.....	16
5. TILLÖGUR TIL ÚRBÓTA VIÐ STYRKVEITINGU EFTIR JARÐSKJÁLFTA	17
VARNARORÐ OG TILLAGA.....	17
VIÐLAGATRYGGING	17
BRUNABÓTA- OG FASTEIGNAMAT	19
VATNSLAGNIR OG FRÁRENNSLISMANNVIRKI	20
ÓTRYGGÐ INNBÚ	20
NIÐURRIF OG FÖRGUN HÚSA.....	21
MAT OG GREIÐSLUR VEGNA TJÓNA UTANHÚSS ÚR JARÐSKJÁLFTASJÓÐI.....	21
ÖNNUR TJÓN	21
REKSTRARSTÖÐVANIR	22
STYRKIR VEGNA BÁGSTADDRA.....	22
GÁMALEIGA	22
HÚS Í BYGGINGU ÁN SMÍÐATRYGGINGAR.....	22
ILLA STADDIR TJÓNÞOLAR	22
EIGNIR SEM SNÚAST Í ANDHVERFU SÍNA	22
TILRAUNIR TIL ÓRÉTTMÆTRA STYRKJA	23

VERKFERLAR VIÐ AFGREIÐSLU ERINDA OG AFGREIÐSLU STYRKJA	23
ÁKVARÐANIR UM STYRKI	23
TJÓN HJÁ OPINBERUM STOFNUNUM OG FJÁRVEITINGAR TIL ÞEIRRA	23
UPPLÝSINGAR UM TJÓN, TJÓNÞOLA OG AFGREIÐSLA STYRKJA	24
STAÐA MÁLA Í LOK ÁRS 2009.....	24
6. ALMENN NIÐURSTAÐA UM REKSTUR ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVAR.....	25
STARFSEMI ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVARINNAR MÁ SKIPTA Í FERNT	25
SAMANTEKT, EINU OG HÁLFU ÁRI EFTIR SKJÁLFTA.....	25
FYLGISKJÖL	27
VINNUGÖGN FRÁ VERKEFNISSTJÓRA ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVARINNAR.....	27

1. Aðdragandi og almenn atriði

Jarðskjálfti reið yfir Suðurland 29. maí 2008

Skjálftinn var gríðarlega öflugur og á mjög þéttbýlu svæði þar sem voru fjölmenn bæjarfélög og blönduð byggð í dreifbýli. Strax varð ljóst að virkja þyrfti alla þætti hjálpar- og viðbragðsáætlana og allir viðbragðsaðilar yrðu að koma til leiks. Enn fremur var ljóst að bæði þyrfti að veita skjóta neyðarhjálp og skipuleggja langtímaaðstoð. Þessi skýrsla greinir frá starfsemi þjónustumiðstöðvar en aðrir aðilar greina frá sínu starfi s.s. almannavarnadeild, lögregla, sýslumaður, sjúkraflutningamenn, björgunarsveitir, heilbrigðisstarfsfólk, félagasamtök, stjórnvöld, vísindastofnanir o.fl.

Ríkisstjórnin undir forsæti Geirs H. Haarde samþykkti að leggja strax til 100 milljónir króna í fyrstu viðbrögð. Þeir fjármunir voru ekki í umsjá þjónustumiðstöðvarinnar. Þjónustumiðstöðin annaðist síðar afgreiðslu erinda sem styrkt voru úr jarðskjálftasjóði sem stofnaður var með fjárákalogum í desember 2008.

Þjónustumiðstöð vegna jarðskjálfta á Suðurlandi komið á fót

Þjónustumiðstöð vegna jarðskjálfta á Suðurlandi var komið á fót á fyrstu dögum eftir skjálftann og var starfrækt til ársloka 2009. Þessi skýrsla er skrifuð til þess að geyma heimildir um starfið og til þess að vera til hliðsjónar næst þegar koma þarf upp þjónustumiðstöð vegna hamfara. Skýrsluna skrifar verkefnisstjóri þjónustumiðstöðvarinnar, Ólafur Örn Haraldsson.

Skýrslu þessari er í meginatriðum skipt í tvennt. Annars vegar er fjallað um rekstur þjónustumiðstöðvarinnar og hins vegar eru tillögur um úrbætur, aðallega varðandi styrki vegna tjóna.

Jarðskjálftasjóður

Jarðskjálftasjóður var settur á fót með fjárákalogum í desember 2008. Fjárveitingin, að fjárhæð 733 m.kr., er vistuð hjá fjármálaráðuneytinu, fjárreiðu- og eignaskrifstofu sem annast greiðslur styrkja að fengnu samþykki frá þjónustumiðstöðinni og forsætisráðuneytinu eins og segir nánar hér á eftir. Upphæð fjárveitingar í jarðskjálftasjóðinn er byggð á áætlun þar sem kostnaður er þrískiptur: Í fyrsta lagi voru áætlaðar 65 m.kr. til fyrstu viðbragða og þjónustumiðstöðvar, í öðru lagi til að bregðast við ýmis konar útgjöldum sveitarfélaganna s.s. vegna leiguhúsnæðis, verkfræðikostnaðar, lóðamála o.fl. þyrfti 135 m.kr og í þriðja lagi var hluti sjóðsins ætlaður til styrkja til einstaklinga sem urðu fyrir tjóni og fengu ekki bætur úr tryggingakerfi tryggingafélaga og Viðlagatryggingar sem áætlað var að yrðu um 437 m.kr. Þá var gert ráð fyrir ófyrirséðum kostnaði að fjárhæð 96 m.kr. Með slíkum sjóði var skilgreint nokkuð vel hvaða stuðningur og hversu mikill kæmi frá ríkissjóði og hversu mikill frá sveitarfélögum.

Nauðsynlegt er að gera breytingu á fyrirkomulagi á stuðningi og afgreiðslu styrkja. Það þarf að gera með lagabreytingum og yfirlýsingum stjórnvalda en alltaf mun verða nauðsynlegt að leggja fram opinbert fé til stuðnings í kjölfar náttúruhamfara þar eð lög og reglugerðir geta aldrei náð til þeirrar margvíslegu neyðar sem skapast.

Alþingi setti lög

Áður en jarðskjálftinn reið yfir hafði Alþingi samþykkt lög þar sem gert var ráð fyrir að hægt yrði að starfrækja þjónustumiðstöð í kjölfar hamfara og urðu skipuleggjendur strax ákveðnir í að grípa til þessa úrræðis (sjá starfsamning verkefnisstjóra). Almannaþingardeild ríkislögreglustjóra hafði forgöngu í málinu og dómsmálaráðherra, Björn Bjarnason, brá við og boðaði til fundar á Selfossi þar sem gengið var frá starfrækslu miðstöðvarinnar og verkefnisstjóri ráðinn. Sá fundur var haldinn í ráðhúsi Árborgar 3. júní 2008 og voru þar dómsmálaráðherra, ráðuneytisstjóri, oddvitar og embættismenn sveitarfélaganna Árborgar, Hveragerðis, Ölfuss, Flóahrepps og Grímsness og Grafningshrepps og enn fremur stjórnendur Almannaþingardeildar ríkislögreglustjóra, sýslumaður Árnessýslu ásamt lögreglumönnum og verkefnisstjóri þjónustumiðstöðvarinnar. Sveitarstjórar Flóahrepps og Grímsness og Grafningshrepps ákváðu að taka ekki fullan þátt í aðgerðum vegna sveitarfélaganna þar eð skjálftinn olli ekki stórfelldu tjóni hjá þeim. Þeir vildu hins vegar fylgjast með og taka þátt eftir því sem tilefni væri til.

Almennt árangursmat

Almennt árangursmat á starfi þjónustumiðstöðvarinnar kemur fram í samantekt á verkstöðu sem er í þessari skýrslu. Þjónustumiðstöðin var einungis einn af mörgum liðum í viðbrögðum og stuðningi við almenning á skjálftasvæðinu. Fyrstu viðbrögð áttu sér stað í þjónustumiðstöðvunum í Hveragerði og Selfossi þar sem fólk frá fjölmörgum viðbragðsaðilum með mikla reynslu af stuðningi við fólk í kjölfar hamfara kom sér fyrir. Síðan tók langtíma stuðningur við.

Þjónustumiðstöðin (Hveragerði og Selfossi) gegndi lykilhlutverki í neyðaraðstoðinni eftir að fyrstu aðgerðum viðbragðsaðila lauk, þ.á m. að hafa á einum stað áfallahjálp, leiðbeiningar um hvert tjónþolar skyldu leita s.s. vegna húsnæðisvanda, viðgerða, réttinda, bóta o.fl. svo og ýmis konar ráðgjöf, móttaka viðtala hjá bæjarstjórum, útdeiling á ýmsum nauðsynjum, upplýsingagjöf til fjölmiðla, tilkynningar o.fl.

Allt bendir til að rekstur þjónustumiðstöðvarinnar hafi verið mjög mikilvægur þáttur í margvíslegri þjónustu við fólk á jarðskjálftasvæðinu og afgreitt málefnalega óskir um styrki vegna tjóna á ótryggðum verðmætum; enn fremur að þjónustan þar hafi verið til mikilla bóta frá því þegar menn þurftu að glíma við eftir skjálftann árið 2000.

Mesti ávinningurinn fólst í að nú var hægt að vísa fólki á einn stað hvað varðaði erindi og ráðgjöf. Þar var vel tekið á móti öllum, hlustað, leitað úrlausna og mál afgreidd. Erindi fólks týndust ekki heldur var fylgt eftir af þeim sömu og tóku á móti erindinu í upphafi, jafnvel þótt vikur liðu á milli heimsókna viðkomandi aðila. Umsóknum um styrki og stuðning var beint í fastmótaðan farveg og leituðu því ekki beint inn í stjórnsýslukerfi sveitarstjórnanna sem var undir miklu álagi við uppbyggingarstarf á sínum vettvangi. Ráðuneyti gátu vísað fólki að leita með erindi sín til þjónustumiðstöðvarinnar og þar með koma þeim í fastan farveg til úrlausnar skv. verklagsreglum sem voru mótaðar.

Skýr mörk voru á milli bóta frá Viðlagatryggingu og jarðskjálftasjóðsins sem þjónustumiðstöðin annaðist í umboði forsætisráðuneytis en samstarf milli þessara aðila var mjög gott og samráðsfundir haldnir fyrstu vikurnar.

Almannaþingardeild og ráðuneyti höfðu með starfrækslu þjónustumiðstöðvarinnar aðila á svæðinu sem gat annast þeirra verkefni.

Þjónustumiðstöðin var vel til þess fallin að halda utan um og samræma starf þriggja fjölmennra sveitarfélaga en samræmi í fyrirgreiðslu og þjónustu við almenning er mjög mikilvæg.

Þá var miðstöðin einnig ákjósanlegur tengiliður milli sveitarstjórnanna og viðkomandi ráðuneyta.

Miðstöðin var mikilvæg til þess að miðla upplýsingum til fjölmiðla, almennings og sérstakra hópa.

Miðstöðin annaðist úrlausn mála fyrir opinberar stofnanir sem urðu fyrir tjóni á jarðskjálftasvæðinu.

Tímaröð nokkurra atburða hjá þjónustumiðstöðinni

Árið 2008

29. maí Jarðskjálfti á Suðurlandi – Fyrstu viðbragðsaðilar koma til aðstoðar – Þjónustumiðstöðvar mannaðar fólki frá hjálparsamtökum, bæjarfélögum o.fl. opnaðar – Neyðaraðstoð veitt á mörgum sviðum – Mikil umfjöllun í fjölmiðlum – Eignatjón mikið – Mikil mildi að ekki varð manntjón en minni háttar meiðsl urðu
3. júní Dómsmálaráðherra og allir viðkomandi aðilar koma til fundar í ráðhúsi Árborgar – Þjónustumiðstöðin stofnuð formlega – Verkefnisstjóri ráðinn
6. júní Samráðshópur heldur blaðamannafund í þjónustumiðstöðinni í Hveragerði
- 1.-10. júní Borgarafundir – Ríkisstjórnin leggur til 100 milljónir í aðstoð vegna fyrstu viðbragða á hamfarasvæðinu
- 1.-30. júní Fjölpætt aðstoð og upplýsingar veittar í þjónustumiðstöð á Selfossi og Hveragerði – Sálrænn stuðningur (áfallahjálp) veittur í þjónustumiðstöð – Bæjarstjórar til viðtals í þjónustumiðstöð – Fundir haldnir í skólum – Áfallateymi fundar og veitir þjónustu – Samráðshópur fundar reglulega – Þjónustumiðstöð gegnir samræmingarhlutverki milli aðila – Almannavarnadeild RLS og forsætisráðuneyti vinna með þjónustumiðstöð að skipulagningu og lausn mála – Samráðsfundir með starfsmönnum bæjarfélaganna – Samráðsfundir með Viðlagatryggingu – Mörg hundruð manna koma í þjónustumiðstöðvarnar á Selfossi og Hveragerði
26. júní Mikilvægur samráðsfundur í Þjóðmenningarhúsi með ráðuneytum, bæjarstjórum og embættismönnum sveitarfélaganna, Almannavarnadeild, sýslumanni og fleiri viðkomandi aðilum – Rætt um verkefni, verkaskiptingu og fjárframlög
3. júlí Fundur ráðuneytisstjóra – Ákvarðanir um hvað skuli njóta styrkja vegna tjóna utan tryggingakerfis
1. júlí Starfsemi þjónustumiðstöðvar breytt – Þjónustan öll færð í Tryggvaskála og lokað í Hveragerði – Rauði krossinn lýkur viðveru sinni í þjónustumiðstöð - Sálrænn stuðningur færður í Heilsustofnun Suðurlands (sjúkrahúsið) – Þörf á neyðaraðstoð minnkar smám saman – Starfsmaður frá Árborg ráðinn tímabundið til fullra starfa með verkefnisstjóra í þjónustumiðstöð – Fundum samráðshóps fækkar

1. júlí og áfram Þjónustumiðstöð annast mat á tjónum og tillögur um styrki – Matsmaður ráðinn og tekur að starfa við matsgerð – Verkferlar og verklagsreglur um styrkveitingar mótaðar – Gengið frá samstarfi við Fasteignaskrá ríkisins, Verkfræðistofu Suðurlands o.fl. – Neyðaraðstoð dregst saman en upplýsingamiðlun og ráðgjöf eykst
25. nóvember Listi yfir áætlað tjón einstaklinga, félaga og stofnana, þ.e. tjón sem eru utan tryggingakerfis og sem gætu notið styrkja skv. nánari ákvörðun. Þjónustumiðstöðin lagði listann fram í forsætisráðuneyti að heildarupphæð tæplega 440 milljónir, skipt eftir tjónaflokkum, þar sem fram koma nöfn og aðrar upplýsingar um tjónþola og mat
- Desember Fjárstuðningur vegna jarðskjálftanna ákveðinn með fjáráukalögum og upphæðin ákveðin með hliðsjón af tjónalistanum frá 25. nóvember og áætlaðri fjárförf sveitarfélaga og annarra aðila við uppbyggingarstarfið

Árið 2009

- Janúar Þjónustumiðstöðin færir formlega frá Almannavarnadeild til forsætisráðuneytis – Mat á tjónum, afgreiðsla á erindum tjónþola
26. janúar Blaðamannafundur forsætisráðherra í þjónustumiðstöðinni
- Maí Móttöku þjónustumiðstöðvarinnar í anddyri er lokað og henni komið fyrir í einu herbergi – Móttakan opin eftir þörfum
- September Þjónustumiðstöð í Tryggvaskála lokað – Erindum fækkar en mörg hver eru flóknin og tímafrek - Vinnuaðstaða fengin hjá Árborg og á skrifstofu verkefnisstjóra í Reykjavík
31. desember Starfstíma verkefnisstjóra lýkur en starfshlutfall hans minnkaði smám saman eftir því sem leið á árið 2009 – Skýrsla gerð um starfsemina – Verkefnið verður í höndum forsætisráðuneytisins en verkefnisstjóri er tiltækur þegar þörf er á.

2. Verkefnisstjórn og samráðshópur

Yfirstjórn verkefnisins

Verkefnisstjórn þjónustumiðstöðvarinnar var í höndum Almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra í umboði dómsmálaráðuneytisins. Björn Bjarnason var dómsmálaráðherra og Ragna Árnadóttir var ráðuneytisstjóri. Jón F. Bjartmarz stýrði Almannavarnadeildinni en þjónustumiðstöðin laut stjórn Víðis Reynissonar, deildarstjóra. Þetta fyrirkomulag reyndist vel og átti vel við fyrstu vikur og mánuði eftir skjálfta þegar verkefnin sneru mest að verksviðum Almannavarnadeildarinnar. En þegar verkefni þjónustumiðstöðvarinnar snerust að mestu leyti um móttöku og afgreiðslu erinda vegna tjóna var eðlilegt að flytja starfsemina undir forsætisráðuneytið sem hafði forræði yfir jarðskjálftasjóðnum. Bolli Bollason ráðuneytisstjóri hafði yfirumsjón með verkefninu frá upphafi af hálfu forsætisráðuneytisins. Víðir var eigi að síður bæði þjónustumiðstöðinni og sveitarfélögunum innan handar við margvísleg úrlausnarefni og útgjöld sem leitað var til ríkissjóðs með.

Af hálfu forsætisráðuneytisins voru í forsvari Halldór Árnason, Ragna Árnadóttir um skamman tíma, Óðinn H. Jónsson og Eydís Eyjólfadóttir.

Fjárveiting jarðskjálftasjóðs er vistuð hjá fjármálaráðuneytinu, fjárreiðu- og eignaskrifstofu sem annast greiðslur styrkja að fengnu samþykki frá þjónustumiðstöðinni og forsætisráðuneytinu. Fjármálaráðuneyti sér um fjárlagagerð og samræmir fjárveitingar milli aðila og heldur utan um öll útgjöld, millifærslur og fjárhagsyfirlit um heildarkostnað á liðnum. Árni M. Mathiesen var fjármálaráðherra en Ingbór Karl Eiríksson annaðist störfin af hálfu ráðuneytisins.

Starfsfólk innan Viðlagatryggingar og þjónustumiðstöðvarinnar áttu frá upphafi náið og árangursríkt samstarf. Skrifstofa Viðlagatryggingar var að Austurvegi 64 á Selfossi og voru tengsl fyrst og fremst við Torfa Áskelsson og Gísla Erlendsson. Björgvin Sigurðsson var ráðherra viðskiptaráðuneytisins en undir það heyrir Viðlagatrygging.

Verkefnisstjóri og starfssamningur hans

Verkefnisstjóri var ráðinn, Ólafur Örn Haraldsson, og heyrði hann undir deildarstjóra Almannavarnadeildar, Víði Reynisson. Almenn má segja að við val á verkefnisstjóra þurfi að hafa í huga reynslu af almannaðjónustu, opinberri stjórnsýslu og þekkingu á staðháttum á hamfarasvæðinu.

Starfssamningur verkefnisstjóra skýrir nokkuð vel það hlutverk sem miðstöðinni var ætlað en þar segir:

Markmið samningsins er að ráðgjafi veiti ráðgjöf og starfi sem verkefnisstjóri þjónustumiðstöðvar almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra vegna jarðskjálftanna á Suðurlandi þann 29. maí 2008 í samvinnu við almannavarnadeildina. Starfsemi þjónustumiðstöðvar er byggð á heimild í 14. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008 sem heimilar ríkislögreglustjóra að stofna tímabundið þjónustumiðstöð vegna tiltekinnar hættu eða hættuástands. Jarðskjálftarnir 29. maí 2008 falla undir slíka hættu eða hættuástand og hefur starfræksla þjónustumiðstöðvar verið samþykkt af ríkisstjórninni samkvæmt tillögu dómsmálaráðherra. Undir störf verkefnisstjóra fellur:

Ábyrgð og umsjón með rekstri þjónustumiðstöðvar vegna jarðskjálfta sem staðsett er í Tryggvaskála á Selfossi.

Ráðgjöf, þjónusta og upplýsingar til þolenda jarðskjálftans hvort sem um er að ræða almenning, sveitarfélög eða aðra sem orðið hafa fyrir tjóni eða hin tiltekna hættu hefur haft bein áhrif á.

Samhæfing verkefna og samvinna við sveitarfélög á jarðskjálftasvæðinu að enduruppbyggingu og endurreisn samfélagsins.

Vinna með öðrum hlutaðeigandi aðilum að málefnum tengdum uppbyggingu vegna jarðskjálftans.

Afla upplýsinga og starfa með áfallateymi Samhæfingarstöðvar almannavarna.

Samskipti við fjölmiðla og sinna almennri upplýsingagjöf vegna jarðskjálftans og verkefna tengdum honum og uppbyggingu á svæðinu í samráði við deildarstjóra almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra.

Vera tengiliður við ráðuneyti og undirstofnanir þeirra við sveitarfélög og vegna verkefna tengdum þolendum jarðskjálftans.

Starfa með samráðshóp ríkis og sveitarfélaga við úrvinnslu verkefna tengdum enduruppbyggingu eftir jarðskjálftann.

Rekstur og verkefni þjónustumiðstöðvarinnar færðist 1. janúar 2009 undir forsætisráðuneytið og var gerður nýr starfssamningur með viðeigandi verklýsingu. Þar er fjallað um starfið sem snýr að styrkjum til einstaklinga og lögaðila, m.a. að upplýsa tjónþola vegna tjóna utanhúss um úthlutunarreglur, taka á móti reikningum vegna viðgerða, enn fremur að taka á móti óskum um endurmat á brunabótamati og úrvinnsla þeirra erinda og taka á móti nýjum tjónatilkynningum og ganga frá eldri málum ásamt því að sinna ýmis konar upplýsingagjöf til íbúa, sinna kvörtunum, mæta á starfsfundi og ganga frá skýrslu um starfsemi þjónustumiðstöðvarinnar.

Starfssamningarnir eru í fylgiskjölum með þessari skýrslu.

Samráðshópur stofnaður

Samráðshópur var stofnaður til þess að samræma aðgerðir á jarðskjálftasvæðinu og var ákveðið að hann kæmi saman sem oftast fyrstu dagana en síðan eftir þörfum og samkvæmt nánari ákvörðunum. Ákveðið var að verkefnisstjóri stýrði samráðsfundunum. Í hópnum voru bæjarstjórar þriggja sveitarfélaga: Frá Árborg Ragnheiður Hergeirsdóttir, frá Hveragerði Aldís Hafsteinsdóttir og frá Ölfusi Ólafur Áki Ragnarsson og þá var einnig í samráðshópnum sýslumaðurinn í Árnessýslu, Ólafur Helgi Kjartansson og fulltrúar almannavarnadeildar RLS og verkefnisstjóri þjónustumiðstöðvarinnar. Samráðsfundir voru haldnir sem hér segir: 3. júní, 5. júní, 6. júní, 10. júní, 12. júní, 19. júní, 26. júní, 3. júlí 2008 og 23. nóvember 2009. Fundargerðirnar eru í fylgiskjölum skýrslunnar og þær gefa greinargóðar upplýsingar um framgang mála á skjálftasvæðinu og viðfangsefni þjónustumiðstöðvarinnar. Fundurinn 3. júní var boðaður af dómsmálaráðherra og var hans getið framur.

3. Upplýsingamiðlun, borgarafundir, blaðamannafundir

Borgarafundir

Borgarafundir voru haldnir í sveitarfélögunum strax fyrstu dagana eftir skjálftann þar sem margvíslegar upplýsingar voru gefnar og m.a. greint frá starfrækslu þjónustumiðstöðvarinnar og þeirri þjónustu sem fólk gæti fengið þar. Sérstakir fundir voru haldnir með sértækum hópum, m.a. erlendu fólki sem ekki talaði íslensku, í skólum, meðal aldraðra o.fl.

Mikilvægt er að ýmsir sértækir hópar verði ekki útundan í fundarhöldunum. Þeir eru m.a. erlendir ríkisborgarar en strax þarf að hafa samband við þá vegna þess að þeir skilja illa eða ekki fréttir og halda þarf síðan almennan fund með þeim. Útvegaðir voru túlkar á nokkur erlend tungumál. Annar hópur eru aldraðir og þarf að heimsækja þá og veita þeim upplýsingar og halda strax fundi með þeim. Þriðji hópurinn eru börn og þá er heppilegast að halda fundi í skólunum og fundi með foreldrum. Fjórti hópurinn eru fatlaðir og gildir sama um þá og aldraða og börn að ná þarf til þeirra samstundis og halda síðan fundi. Öllum þessum hópum var vel sinnt í kjölfar skjálftans þó að einhverjar ábendingar hafi komið um að fundurinn með erlendu fólki hefði verið haldinn full seint.

Ýmsir klúbbar og félög óskuðu eftir að verkefnisstjóri kæmi og flytti erindi á vettvangi þeirra. Slíkir fundir voru haldnir öðru hvoru allt að ári eftir skjálftann.

Blaðamannafundur viku eftir skjálfta

Blaðamannafundur var haldinn í þjónustumiðstöðinni í Hveragerði 6. júní 2008 þar sem bæjarstjórar og aðrir forsvarsmenn í fyrstu viðbrögðum sátu fyrir svörum og verkefnisstjóri þjónustumiðstöðvarinnar lagði fram fréttatilkynningu um stöðu mála að lokinni fyrstu vikunni eftir skjálfta og starfið framundan. Nauðsynlegt er að eiga náið samband við fjölmiðla og birta þar fréttir og tilkynningar svo ört sem verða má. Starfsfólk þjónustumiðstöðvarinnar þarf að eiga frumkvæði að því að koma sínum áherslum til skila. Ekki má búast við að fólk lesi eða heyri tilkynningar og því er nauðsynlegt að endurtaka þær. Starfsfólk þjónustumiðstöðvarinnar var stöðugt í sambandi við fjölmiðla, ýmist að eigin frumkvæði eða af því að blaðamenn höfðu samband.

Fréttatilkynningin sem dreift var til fjölmiðla á blaðamannafundinum 6. júní var eftirfarandi:

Velferð fólksins ofar öllu

Fréttaefni á blaðamannafundi Sveitarfélaganna og þjónustumiðstöðvar á jarðskjálftasvæðunum 6. júní 2008

Nú viku eftir jarðskjálftana eru viðbrögð og verkefni að færast á nýtt stig. Stærstu viðfangsefni nú eru mat á tjóni, fyrstu viðgerðir á mannvirkjum, lausn húsnæðismála, félagslegur stuðningur, áfallahjálp o.fl. Fólkið sem býr hér á jarðskjálftasvæðinu og lenti í þessari skelfilegu reynslu hefur sýnt ótrúlegan styrk og æðruleysi. Þetta ásamt samstilltu átaki allra viðbragðsaðila hefur orðið til þess að draga úr þeim gífurlega

skaða sem jarðskjálftarnir hafa valdið. Það var einnig mikið lán hversu aðstæður voru góðar þegar skjálftarnir riðu yfir. Hjálpaðist þar að hversu veður var gott, margir voru í kaffihléi fjarri hættu á vinnustöðum og skjálftarnir voru ekki að nóttu en víða féllu skápar og aðrir þungir hlutir yfir rúm.

Samhæfing viðbragðsaðila

Bæjar- og sveitarstjórnir á jarðskjálftasvæðunum lýsa yfir mikilli ánægju vegna þeirra skjótu og samhæfðu vinnubragða sem einkenndu fyrstu viðbrögð opinberra aðila, sjálfboðaliða og félagasamtaka við jarðskjálftunum síðastliðinn fimmtudag. Bæjar- og sveitarstjórnirnar vilja koma á framfæri þakklæti til allra aðila sem komið hafa að björgunar- og hjálparstarfi vegna atburðanna. Á örskammri stundu komu á vettvang björgunarsveitir, félagar í Rauðakrossdeildum og öðrum sjálfboðasamtökum, jafnt af skjálftasvæðinu sem úr öðrum byggðarlögum. Almannaþingir gáfu strax út hæsta viðbúnaðarstig og lögregla, slökkvilið og aðrir atvinnumenn gengu beint til skilgreindra verka. Þakka má góðum viðbragðsáætlunum og þeim lærdómi sem dreginn hefur verið af náttúruhamförum síðustu 15 ára.

Þá vilja bæjar- og sveitarstjórnir þakka íbúum á svæðinu sérstaklega fyrir yfirveguð og skynsamleg viðbrögð meðan almannaþarnaástand stóð yfir og í framhaldi af því. Lögð verður rík áhersla á að vinna að uppbyggingu og eflingu byggðarlaganna eftir þessa atburði og að styðja vel við íbúa á svæðinu á þessum erfiðu tímum. Í svo gífurlegu álagi sem verið hefur á fólki sem sinnir hinum ýmsu skipulags- og þjónustustörfum vegna skjálftanna síðustu daga fer að sjálfsögðu ekki hjá því að einhverjir hafi ekki fengið þann stuðning eða þjónustu sem þeir hefðu helst óskað og er unnið markvisst að því að bæta úr því.

Það verður að teljast mildi að ekki urðu alvarleg slys á fólki en eignatjónið er gríðarlegt og vinnur nú fjöldi fólks að því að skrá það og meta. Hitt er þó meira um vert að gæta að andlegri líðan fólks, velferð barna, fjölskyldna og samfélagsins alls og að lífið komist í fastar skorður á ný. Margir hafa nýtt sér áfallahjálp og sálfræðilegan stuðning og er fólk hvatt til þess að nýta sér þá aðstoð sem boðið er upp á og vera á varðbergi gagnvart því að andlegt álag getur komið fram töluvert löngu eftir atburðinn sem veldur áfallinu.

Áfallahjálp og félagslegur stuðningur

Áfallahjálpin fyrstu klukkustundirnar og dagana eftir jarðskjálftana var veitt af sjálfboðaliðum Rauðakrossins, prestum og öðru sérmenntuðu fólki á svæðinu. Nú taka við þessari þjónustu starfsmenn úr heilbrigðiskerfinu og verður áhersla lögð á að þjónustan verði aðgengileg svo lengi sem fólk þarf á henni að halda. Þessi þjónusta verður fyrst um sinn í núverandi þjónustumiðstöð í Hveragerði og Selfossi. Þangað eru allir á jarðskjálftasvæðinu velkomnir hvar í sveit sem þeir eru. Fyrirkomulagið í framhaldinu verður auglýst síðar. Bæjar- og sveitarfélögin leggja áherslu á að fræða og styðja sérstaklega það starfsfólk sitt sem starfar með börnum, ungmennum, útlendingum, eldra fólki og fólki sem á við erfiðleika að stríða til að draga megi sem mest úr vanlíðan og erfiðleikum þessara hópa í kjölfar skjálftanna.

Mat á tjóni og bætur

Eignatjón er gífurlegt svo og röskun á atvinnurekstri, bæði í þéttbýli og til sveita á hamfarasvæðinu. Fyrsta skoðun hefur þegar farið fram mjög víða. Viðlagatrygging mun gefa út leiðbeiningar um feril á mati og tjóni. Mikil áhersla er lögð á að fólk gefi sér góðan tíma til þess að kanna skemmdir þar eð þær geta komið fram jafnvel árum síðar. Hægt er að tilkynna tjón næstu fjögur árin, eða til ársloka 2012.

Fundir með íbúum

Íbúafundir hafa verið haldnir með fólki í öllum sveitarfélögum á jarðskjálftasvæðinu. Þeir hafa verið afar vel sóttir. Á þeim fundum hafa margvíslegar upplýsingar verið gefnar og greint frá því sem framundan er. Í fyrirspurnum og ábendingum fundarmanna hefur yfir það heila tekið verið lýst þakklæti og ánægju með viðbrögð og þjónustu eftir jarðskjálftana. Þó hefur verið bent á nokkur einöngruð tilvik þar sem betur hefði mátt fara en hvergi er um stórvægileg mál að ræða. Sérstakur fundur verður haldinn fyrir fólk af erlendum uppruna í kvöld þar sem farið verður yfir stöðu mála og framhaldið með aðstoð túlka.

Framlag ríkisstjórnarinnar – Þjónustumiðstöð almannavarna

Ríkisstjórnin brást skjótt við eins og aðrir aðilar. Samþykkt var að hafa til reiðu eitt hundrað milljónir króna til þess að bregðast við aðkallandi verkefnum sem ríkið þarf að leysa. Jafnframt ákvað ríkisstjórnin að koma upp þjónustumiðstöð undir stjórn Almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra. Þjónustumiðstöðvar voru opnaðar laugardaginn 31. maí á Selfossi og í Hveragerði fyrir íbúa alls svæðisins. Þar hafa starfað fulltrúar frá sveitarfélögunum, Rauða krossinum og björgunarsveitum. Verkefnisstjóri þjónustumiðstöðva er Ólafur Örn Haraldsson og hóf hann störf sl. þriðjudag. Hann er tengiliður milli sveitarstjórnanna og almennings annars vegar og ráðuneyta og ríkisstofnana hins vegar og greiðir þannig fyrir skjótri úrlausn mála ef þurfa þykir. Verkefnisstjórinn er forsvarsmaður þjónustumiðstöðvanna á Selfossi og Hveragerði. Enn fremur annast hann samhæfingu sveitarfélaganna á ýmsum sviðum en allt framkvæmdavald liggur hjá sveitarfélögunum sjálfum.

Fjölþætt verkefni og stuðningur sveitarfélaganna

Strax á fyrstu klukkutímum eftir skjálftana fóru af stað viðbragðs- og stuðningsverkefni í sveitarfélögunum. Með hverjum degi hefur þeim fjölgað og þau orðið fjölbreyttari. Meðal verkefna má nefna:

- Áfallateymi í samstarfi við fagaðila og félagasamtök.
- Húsnæðishjálp. Útvegum húsnæðis og margvíslegur stuðningur við búferlaflutninga.
- Bæklingum hefur verið dreift í hús um Rauða kross Íslands, um aðstoð við börn eftir áfall og bæklingi um sálrænan stuðning.
- Leigubílaþjónusta fyrir eldri borgara sem heimsækja vilja þjónustumiðstöð.
- Námskeið fyrir starfsfólk leikskóla, skólavistana, vinnuskóla og öldrunarþjónustu.
- Aðstoð við fólk af erlendum uppruna.

- Mönnun á ákveðnum þáttum þjónustumiðstöðvanna og umsjón þeirra fyrstu dagana.
- Viðgerðir og endurbætur á veitum, vegum og mannvirkjum sveitarfélaganna.
- Öryggisráðstafanir vegna hættusvæða og rannsóknir á heilbrigðis- og hollustuþáttum svo sem vatnsöflun, neysluvatni og hitaveitu, fráveitumálum o.fl.
- Upplýsingaþjónusta skipulags- og byggingafultrúa.

Heimsóknir í þjónustumiðstöðvarnar

Mikill fjöldi fólks hefur heimsótt þjónustumiðstöðvarnar sem komið var upp á laugardeginum tæpum tveimur dögum eftir skjálftana. Hluti þessa fólks hefur leitað til þjónustumiðstöðvanna með sérstök erindi sem hafa verið skráð svo sem að fá sálrænan stuðning, leita eftir upplýsingum o.fl.

Frá laugardegi 31. maí til og með fimmtudegi 5. júní hafa alls 333 erindi borist stöðvunum og hafa erindi þessi verði afgreidd af fulltrúum sveitarfélaganna, Rauða krossins og björgunarsveitanna.

Heldur hefur dregið úr fjölda heimsókna og erinda en þó verður ekki dregið úr umfangi þjónustunnar fram að helgarlokum 8. júní en þá tekin ákvörðun um framhaldið.

Framundan er mikið uppbyggingarstarf og mikilvægt fyrir íbúa, sveitarfélög og samfélagið allt að það starf gangi vel fyrir sig. Bæjar- og sveitarstjórnir munu standa vörð um hagsmuni íbúa og svæðisins í heild sinni og leggja kapp á að byggðirnar nái fljótt upp heilbrigðum og eðlilegum krafti.

Hér lýkur fréttatilkynningu 6. júní 2008

4. Innra starf þjónustumiðstöðvarinnar

Opnunartími þjónustumiðstöðvanna fyrstu vikuna

Opnunartími þjónustumiðstöðvanna fyrstu vikuna var tilkynntur í fjölmiðlum og sagði þar m.a. í fréttatilkynningu:

Miðvikudag 4. júní til föstudags 6. júní kl. 13-20 og laugardaginn 7. júní og sunnudaginn 8. júní kl. 13-16. Þjónustan er opin öllum þeim sem hafa orðið fyrir áhrifum af jarðskjálftunum, óháð búsetu. Í þjónustumiðstöðvunum er unnt að leita áfallahjálpar og upplýsinga og aðstoðar frá Rauða krossinum og fulltrúum sveitarfélaganna varðandi húsnæðismál, tryggingar o.fl. Starfsemin verður flutt og sameinuð þjónustumiðstöð Viðlagatryggingar mánudaginn 9. júní og opnunartími auglýstur sérstaklega.

Eins og annars staðar kemur fram var horfið frá því ráði að hafa sameiginlegt húsnæði með Viðlagatryggingu.

Starfið fyrstu fjórar vikurnar

Fyrstu fjórar vikurnar eftir skjálfta, þ.e.a.s. út júní 2008, var neyðaraðstoð veitt í báðum þjónustumiðstöðvunum í Hveragerði og á Selfossi. Þá voru þar við störf verkefnisstjóri, starfsmaður frá Árborg, sjálfboðaliðar frá Rauða krossinum, sálfræðingar bæði á vegum Rauða krossins og heilbrigðiskerfisins.

Fyrstu vikuna voru bæjarstjórar eða æðstu embættismenn sveitarfélaganna í þjónustumiðstöðvunum til viðtals og til þess að kynna sér allar aðstæður sem best.

Móttaka í þjónustumiðstöðinni fyrstu tíu dagana var á tveimur borðum í anddyri þar sem erindi voru skráð niður, fyrst og fremst nafn og aðrar grunnupplýsingar og hvert erindið var. Viðtalsherbergi voru baka til þar sem hægt var að ræða saman í einrúmi. Síðan var haft samband við viðkomandi aðila til þess að reyna að greiða úr vanda fólks.

Bæjarfélögin voru miklar burðarstöðir í aðstoð við almenning og settu upp teymi til að sinna erindum fólksins. Þau teymi störfuðu ekki í þjónustumiðstöðinni heldur á bæjarskrifstofum. Teymin voru um félagsleg málefni og húsnæðismál þar sem félagsmálastjóri hélt utan um starfið og teymi var um bygginga- og öryggismál þar sem byggingafulltrúi var lykilmaður en samhæfing og yfirstjórn var í höndum bæjarritara og bæjarstjóra. Þessi teymi voru gríðarlega mikilvæg og unnu starfsmenn bæjarfélaganna mjög faglega og mikla vinnu. Þar komu allar deildir bæjarskrifstofanna að verki. Bein og skjótvirk tengsl voru á milli þjónustumiðstöðvanna og starfsmanna sveitarfélaganna og var það afar mikilvægt.

Stuðningur almannavarnadeildar og ráðuneyta

Almannavarnadeild hélt utan um stóran hluta af samskiptum við opinbera aðila ríkisins. Verkefnisstjóri þjónustumiðstöðvarinnar hafði milliliðalaust og skjótvirkt samband við deildarstjóra (í farsíma og tölvupósti) sem leysti úr málum. Þetta örugga samband var lykilatriði í lausn mála. Verkefnisstjóri fékk sömuleiðis mikilvægan stuðning hjá öðrum starfsmönnum

Almannavarnadeildar sem eru sérhæfðir á sviðum sem tengjast viðbrögðum við náttúruvá. Enn fremur hafði verkefnisstjóri aðstoðu á skrifstofu Almannavarnadeildar en stærstan hluta starfsins vann hann í Tryggvaskála á Selfossi. Í nokkrum tilvikum hafði verkefnisstjóri beint samband við ráðuneyti og stofnanir ríkisins og var alls staðar brugðið vel við.

Ráðuneyti stjórnarráðsins veittu mjög mikilvægan stuðning. Eftir að fyrstu neyðarviðbrögðum lauk, sem voru í höndum dómsmálaráðuneytis og viðkomandi stofnana, var verkefnisstjóri fyrst og fremst í sambandi við ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins. Verkefnisstjóri var í beinu sambandi (farsíma- og tölvupóstsambandi) við hann og átti marga samráðsfundi með honum. Hann var lykilmáður í að greiða fyrir afgreiðslu mála. Bæði forsætisráðherra og dómsmálaráðherra höfðu beint samband við verkefnisstjóra og fylgdust með framgangi verkefnisins.

Haldinn var mikilvægur samráðsfundur allra aðila í Þjóðmenningarhúsinu 26. júní 2008 þar sem hittust fulltrúar ráðuneyta og nokkurra sveitarstjórna á Suðurlandi og ræddu stöðu mála á jarðskjálftasvæðunum, m.a. fjármál vegna björgunarstarfa og neyðaraðstoðar og skipulagningu endurreisnarstarfsins. Dagskrá fundarins er í skjali sem deildarstjóri Almannavarnadeildar tók saman og sendi út til viðkomandi 25. júní 2008. Fundinn sátu einnig fulltrúar almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra og sýslumannsins á Selfossi. Í fundargerðinni segir m.a.:

Meginniðurstaða fundarins var að ráðuneytin annars vegar og sveitarfélögin hins vegar skipuðu hvor sinn starfshópin sem ynnu náði saman að því að meta hvernig fara skuli með ótryggð tjón einstaklinga og fyrirtækja svo og hvernig haga skuli fjárhagslegum stuðningi við sveitarfélög m.a. vegna endurreisnarstarfsins. Hér er vísað til sambærilegs verklags og mótað var eftir jarðskjálftanna árið 2000.

Síðan er lagt til við ríkisstjórnina að oddvitar starfshópanna komi sér saman um verklag við úrlausn einstakra mála.

Í framhaldi af þessu var haldinn annar fundur í forsætisráðuneytinu með hópi viðkomandi ráðuneytisstjóra 3. júlí undir forystu ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins. Þar var rætt um ýmis konar samhæfingu og fjallað um hvaða styrki ætti að veita vegna tjóna sem ekki fengjust bætt úr tryggingakerfi eða Viðlagatryggingu. Þeir tjónaflokkar sem ræddir voru á fundinum voru þessir: Ótryggð innbú, hús í byggingu án smíðatryggingar, hús með brunabótamati undir verðmæti, frárennsli, rotþrær og aðveitur, niðurrif og förgun, rekstrarstöðvanir vegna skemmda á húsum og búnaði. Í sérstökum kafla í þessari skýrslu er fjallað um þessa styrki og lagðar fram tillögur til úrbóta en brýnt er að gera slíkar úrbætur áður en næsti skjálfti í þéttbýli verður.

Sálrænn stuðningur

Sálrænn stuðningur (áfallahjálp) var veittur strax eftir skjálftann. Reynslan sýndi að heitið sálrænn stuðningur var heppilegra en áfallahjálp bæði vegna þess að auðveldara var fyrir fólk að kannast við að það þyrfti stuðning fremur en að það hefði orðið fyrir áfalli sérstaklega þegar fjær leið og einnig vegna þess að mjög margir sem leituðu sér stuðnings áttu við sálrænan vanda af öðrum orsökum en jarðskjálftans. Þessi löngu grafni vandi rifjaðist upp fyrir fólk þegar jarðskjálftinn kom því úr jafnvægi eða magnaði upp vanda sem fólk hafði við að glíma í daglegu lífi sínu. Þarna var um að ræða ýmis áföll eða hrakningar sem fólk hafði lent í fyrr á ævinni allt frá barnæsku og enn fremur ýmis konar erfiðleikar í persónulegu lífi eða fjölskyldu- og heimilislífi sem leituðu fastar fram við þessar aðstæður. Skjálftinn setti daglegt líf úr skorðum og

reyndi með nýjum hætti á innviði, tengsl, traust og öryggi innan fjölskyldna. Þessi mál komu fram í viðtölum við sálfræðinga og presta sem sinntu fólkinu.

Viðtöl og þjónusta sálfræðinganna færðist eftir fjórar vikur úr þjónustumiðstöðinni á sjúkrahúsið á Selfossi. Þar var tímaböntunum komið á í sérstökum síma og sérstöku netfangi. Reynt var að sinna beiðnum eins fljótt og kostur var en álagið var mikið. Einnig þurftu sálfræðingarnir að sinna sérstökum hópum, m.a. öldruðum sem gáfu sig ekki fram en þurftu engu að síður á stuðningi að halda. Þjónusta sálfræðinganna var að stórum hluta greidd úr hjálparsjóði ríkisins (jarðskjálftasjóðnum). Sjálfstætt starfandi sálfræðingar buðu fram þjónustu sína en hún var ekki eða afar sjaldan þegin.

Áfallateymi var sett á fót og voru margir aðilar í því, þ.á m. sérfræðingar frá Landlækni, Landsspítala háskólasjúkrahúsi, heilbrigðisþjónustunni á Suðurlandi, félagsmáladeildum sveitarfélaganna, Almannavarnadeild. Þetta áfallateymi fundaði nokkrum sinnum og rannsókn var sett af stað um áhrif skjálftans. Væntanlega gera þessir aðilar skýrslu um sinn þátt í viðbrögðum við jarðskjálftanum.

Félagasamtök lögðu fram stuðning

Félagasamtök lögðu til fé og stuðning af ýmsu tagi, þ.á m. Lions-hreyfingin á Íslandi sem afhenti 10 þúsund dollara neyðarstyrk frá Alþjóðahjálparsjóði Lions. Þjónustumiðstöðin var ráðgefandi um val á verkefni í samstarfi við Írisi Böðvarsdóttur, sálfræðing á Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Niðurstaðan varð sú að veita öldruðum áfallahjálp. Fleiri samtök, m.a. Kiwanis-hreyfingin, lögðu fram styrki og stuðning en það var án milligöngu þjónustumiðstöðvarinnar.

Búnaður í þjónustumiðstöð

Búnaður í hvorri þjónustumiðstöð fyrstu tvær vikurnar var í aðalatriðum: Þrjár tölvur með nettengingu og síðar geymsludrif, prentari, tveir borðsímur, farsímur, eyðublöð til skráningar á erindum, möppur, ritföng, upplýsingaefni frá Almannavarnadeild, Rauða krossi, bæjarfélögum og heilbrigðiskerfi, vatn og gos á flöskum sem gefið var frá drykkjarframleiðendum, kaffi, te, kek, dagblöð, leikföng fyrir börn, borð, stólar, hreinlætisvörur. Ljósritunarvél og tæki til að skanna skjöl hefði verið góð viðbót.

Upplýsingamiðlun

Upplýsingamiðlun er einn mikilvægasti þáttur í starfsemi þjónustumiðstöðvarinnar. Upplýsingar þurfa að koma fram í fjölmiðlum, á aðgengilegri og auðfundinni heimasíðu, tilkynningum á samkomustöðum og samkomum ýmissa hópa, sveitarstjórnarskrifstofum, heilbrigðisstofnunum, almenningsstöðum svo nokkuð sé nefnt. Þá þarf einnig að gæta að því að birta með óvæfengjanlegum hætti auglýsingar um styrki og stuðning sem allir viðkomandi eiga kost á að sækja um þannig að ekki komi upp kvartanir um að fólk hafi ekki fengið upplýsingar eða sumir fengið en aðrir ekki.

Heimasíðan þarf að vera auðfundin og hafa sérstakt nafn auk þess sem hún er hluti af heimasíðu Almannavarnadeildar. Ekki nægir að hafa hana eingöngu á heimasíðu Almannavarnadeildar.

Netfang þjónustumiðstöðvarinnar þarf að vera sérstakt og auðfundandi. Heppilegra reyndist að hafa netfangið utan netfangakerfis ríkislögreglustjóra (tmd.is) þar eð mikill óviðkomandi póstur

barst til þjónustumiðstöðvarinnar í því kerfi. Heitið á netfangi miðstöðvarinnar var of langt og flókið. Það var thjonustumidstod@simnet.is

Mikilvægt er að láta upplýsingar um þjónustumiðstöðina á allar helstu upplýsingaveitur s.s. símanúmaraþjónustuna 118, leitarskrár í tölvukerfum svo og að tengja krækjur við valdar upplýsingasíður s.s. sveitarfélaganna, Rauða krossins, björgunarsveita, kirkjunnar o.fl.

Blaðamannafundur forsætisráðherra. Forsætisráðherra, Geir H. Haarde, hélt blaðamannafund í Tryggvaskála 14. janúar 2009 og gerði þar grein fyrir stöðu mála og framtíðarhorfum. Þar sátu einnig fyrir svörum þátttakendur í samráðshópi bæjarstjóra og fleiri aðila, sbr. að framan. Fréttatilkynningu forsætisráðherra var dreift til fréttamanna á fundinum og er hana að finna í fylgiskjölum skýrslunnar.

Mönnun – starfsmaður úr heimabyggð og matsmaður

Um fjórum vikum eftir jarðskjálftann var mönnun í þjónustumiðstöðinni í Tryggvaskála á Selfossi breytt og um leið var samfelldri viðveru hætt í þjónustumiðstöðinni í Hveragerði. Fyrstu fjórar vikurnar (þ.e. eftir fyrsta neyðarviðbragð) var að störfum fólk frá Rauða krossinum, sveitarfélögunum og sjúkrahúsi. Eftir fækkun starfsmanna voru eftir í Tryggvaskála tveir starfsmenn, verkefnisstjórinn og starfsmaður Árborgar, Sigmundur Stefánsson. Þeir unnu fullan vinnudag allt sumarið og fram á haust. Eftir það var dregið saman þannig að starfsmaðurinn var í hálfu starfi fram í janúar og eftir það var hann í starfi eftir þörfum sem var nálægt fjórðungur úr fullu starfi. Árborg sendi reikning fyrir launum starfsmannsins til jarðskjálftasjóðs.

Mikilvægt var að starfsmaðurinn frá sveitarfélaginu Árborg, Sigmundur, var heimamaður og hafði unnið lengi við margvísleg störf á Selfossi, ekki síst ýmis konar þjónustu við almenning og var þess vegna gjörkunnugur staðháttum og fólki á skjálftasvæðinu. Einnig var hann í nánú sambandi við bæjarskrifstofu stærsta bæjarfélagsins. Hann hafði mjög gott viðmót gagnvart fólki sem kom með sín erindi í þjónustumiðstöðina, hafði mjög gott vald á tölvuvinnslu, þ.m.t. excel-skjalavinnslu, og var talnaglöggur. Allt voru þetta kostir sem skiptu verulega miklu máli fyrir starfið.

Matsmaður, Ástráður Guðmundsson, var ráðinn til starfa hjá þjónustumiðstöðinni eftir að farið var að meta tjón sem jarðskjálftasjóðurinn tók til skoðunar og afgreiðslu. Samið var við matsmanninn þannig að hann fékk greitt samkvæmt tímaskýrslum sem hann lagði fram og verkefnisstjóri samþykkti. Matsmaðurinn hefur búið á Selfossi og nágrenni í áratugi. Hann hefur sérmenntun í mati og góða reynslu á því sviði. Hann reyndist einstaklega vel í starfi bæði við mat á tjónum og til ráðuneytis innan verkswiðs hans.

Matsmenn eru nokkurs konar sendiherrar stjórnvalda gagnvart tjónþolum og þess vegna skiptir það ekki aðeins miklu máli að mat þeirra sé faglegt og vel unnið heldur líka að framkoma og viðmót sé gott. Tjónþolar sitja uppi með margvíslegar tilfinningar og eru að ræða við matsmanninn um skaða og skemmda hluti, sem eru oft mjög persónulegir, jafnframt því að fást við fjárhagslega hagsmuni. Matsmaðurinn þarf þannig að hafa góða þekkingu á viðfangsefninu, hlusta, sýna skilning og gefa góð ráð en um leið að gæta að hlutlausu og faglegu mati.

Mikilvægt er að matsmaðurinn sé óháður og vinni að jarðskjálftamálum eingöngu fyrir þjónustumiðstöðina. Hann stendur þannig utan við þá aðila, s.s. verkfræðistofur o.fl., sem taka að sér mat fyrir tryggingafélög og Viðlagatryggingu.

Húsnæði

Húsnæði þjónustumiðstöðvanna á Selfossi og í Hveragerði voru heppilega staðsett. Miklu máli skiptir að þjónustumiðstöðin sé á miðlægum stað í bænum og í húsi sem allir þekkja eða auðvelt er að vísa á. Sumir af þeim sem heimsækja þjónustumiðstöðina eiga þangað persónuleg erindi t.d. vegna áfallahjálpar og vilja geta komið í húsið án þess að það veki sérstaka athygli. Að þessu leyti var Tryggvaskáli á Selfossi ákjósanlegur staður fyrir þjónustumiðstöð. Í Hveragerði var miðstöðin í húsi Rauða krossins sem er miðlægt og nálægt verslunar- og þjónustumiðstöð og var þetta kjörinn staður.

Sú hugmynd kom upp að þjónustumiðstöðin á Selfossi yrði í húsnæði Viðlagatryggingar í útjaðri Selfossbæjar og var það vel ráðið að hverfa frá þeirri hugmynd. Húsnæði þar var afar þröngt og þessi starfsemi á að vera aðskilin. Ýmsir af þeim sem komu í þjónustumiðstöðina voru á sama tíma að reka erindi sín í Viðlagatryggingu þar sem e.t.v. var ágreiningur. Einnig var nauðsynlegt að sálræni stuðningurinn (áfallahjálpin) væri algerlega aðskilin annarri starfsemi. Töluvert var um að einstaklingar kæmu í þjónustumiðstöðina til þess að létta á hjarta sínu við starfsmennina án þess að leita sér sálræns stuðnings. Sumir komu oft á ákveðnu tímabili, fengu kaffi, lásu blöð og spjölluðu við gesti og gangandi. Þjónustumiðstöðin varð þannig um tíma nokkurs konar opin félagsmiðstöð sem auðvelt var fyrir alla að sækja.



Tryggvaskáli á Selfossi

Tryggvaskáli hafði marga kosti. Einn þeirra var gott rými meðan álagið var sem mest fyrstu vikurnar, sérstök herbergi voru á efri hæð hússins þar sem viðtöl með sálrænum stuðningi fóru fram í einrúmi og síðan var hægt að draga saman eftir því sem umfang starfseminnar minnkaði. Undir lokin var þjónustumiðstöðin einungis með eitt herbergi þar sem símar og tölvur komust fyrir og hægt var að taka á móti gestum en móttöku í anddyri var lokað. Þá var einnig hægt að fá aðgang að stórum samkomusal þar sem hægt var að halda stærri fundi. Tryggvaskáli er gamalt og vinalegt hús sem allir þekkja.

Mat á tjónum og tillögur um styrki

Mat á tjónum og tillögur um greiðslu styrkja varð stærsta viðfangsefni þjónustumiðstöðvarinnar eftir því sem fjær leið frá skjálftanum. Fyrirliggjandi voru verklagsreglur og ákvarðanir um hvað skyldi styrkja, sjá framar. Samskiptaaðilar þjónustumiðstöðvarinnar á þessu sviði voru Fasteignaskrá ríkisins á Selfossi sem veitti mikilsverða aðstoð með því að endurmeta hús og gera nýtt brunabótamat; Verkfræðistofa Suðurlands sem vann mjög vandaða vinnu við útboð og eftirlit með niðurrifi og förgun húsa; bæjarstjórar og starfslíð þeirra sem veittu margvíslegar upplýsingar við afgreiðslu erinda og má sérstaklega nefna bæjarritara, byggingafulltrúa og félagsmálastjóra; Heilbrigðiseftirlit Suðurlands sem veitti mikilvægar upplýsingar.

Tjónþolar komu í þjónustumiðstöð eða höfðu samband símleiðis. Þeir voru beðnir að senda tölvupóst með erindi sínu og grunnupplýsingum um heimili, símanúmer, kennitölu, bankanúmeri o.s.frv. Matsmaður kom síðan, skoðaði vettvang, útbjó matsskýrslu, tjónþoli

samþykkti skýrsluna, viðgerð fór fram og tjónþoli skilaði reikningum fyrir viðgerð, þjónustumiðstöð sendi greiðslubeiðni til forsætisráðuneytis sem afgreiddi síðan erindið til fjármálaráðuneytis og að því loknu greiddi Fjársýsla ríkisins inn á reikning tjónþola. Ef um endurmat var að ræða var Fasteignaskrá ríkisins sendur tölvupóstur og óskað eftir endurmati. Ef um niðurrif og förgun var að ræða var fylgt verklagsreglum um verkferil milli tjónþola, byggingafulltrúa, verkfræðistofu við útboð og eftirlit og loks verktaka. Greiðslur til verktaka komu beint frá jarðskjálftasjóði samkvæmt útboði Verkfræðistofu Suðurlands þannig að tjónþoli kom aldrei að ferlinu eða greiðslum eftir að hann hafði komið erindi sínu til byggingafulltrúa og Verkfræðistofu Suðurlands. Styrkir vegna ótryggðra innbúa voru veittir samkvæmt matsskýrslu matsmanns en ekki samkvæmt innkaupum tjónþola. Matið fór fram með sama hætti og tryggingarfélög gera.

Verklagsreglur, skráningar- og skýrsluform

Verklagsreglur, skráningar- og skýrsluform voru mótuð um ýmsa verkþætti í innri vinnu í þjónustumiðstöðinni. Sumt varðaði afgreiðslu mála á verksviði utan þjónustumiðstöðvarinnar, t.d. niðurrif og förgun húsa og þá voru verklagsreglurnar samdar í samvinnu við þá. Þessar verklagsreglur og skráningarform eru fylgiskjöl (á pappír) með þessari skýrslu ásamt ýmsum hagnýtum gögnum sem komið gætu að gagni við rekstur þjónustumiðstöðva í framtíðinni. Verklagsreglur um niðurrif og förgun eru í fylgiskjöllum með þessari skýrslu.

Vísinda og sérfræðistofnanir

Ýmsar rannsóknar- og sérfræðistofnanir unnu verkefni vegna áhrifa Suðurlandsskjálftanna. Meðal þeirra voru Stofnun Sæmundar fróða sem vann að verkefnastjórn og verklykli fyrir sveitarfélög, Jarðskjálftamiðstöðin á Selfossi, Landlæknisembættið, Landsspítali háskólasjúkrahús og sennilega fleiri. Þjónustumiðstöðin greiddi götu sumra þessara verkefna eftir því sem tækifæri og geta leyfði.

Ýmsar ábendingar einstaklinga

Ýmsar ábendingar og hugmyndir komu frá einstaklingum og félögum varðandi þjónustu við fólk á skjálftasvæðinu. Magnús Axelsson fasteignasali lagði fram tillögur undir heitinu: „*Jarðskjálftinn 29. maí 2008 – Hugmyndir um jákvæðar aðgerðir til að draga úr hættu á verðfalli fasteigna á skjálftasvæðinu*“ og er samantekt hans meðal fylgiskjala. Þá kom ljósmyndari með þá hugmynd að halda ljósmyndasýningu í byrjun skólaárs þar sem sýndar yrðu myndir tengdar skjálftanum og afleiðingum hans. Síðan yrði skólakrökkum eða jafnvel öllum almenningi boðið að koma með sínar myndir. Þetta gæti verið nokkurs konar liður í áfallahjálp og leið til að ná fólki saman og efla umræðuna um allt sem viðkom skjálftanun og samfélaginu.

5. Tillögur til úrbóta við styrkveitingu eftir jarðskjálfta

Varnarorð og tillaga

Varnaðarorð:

Það er ekki spurning um hvort heldur hvenær öflugur jarðskjálfti verður í þéttbýli með miklum og ófyrirséðum útgjöldum ríkissjóðs. Verðmæti utanhúss eru ótryggð s.s. stétta, palla, potta, veggja, vatnslagna, frárennslis o.fl. Af þessum ástæðum m.a. þurfti ríkissjóður að styrkja tjónþola á Suðurlandi. Enn fremur þarf að uppfæra brunabótamat oftar.

Tillaga:

1. Bráðnaudsyn er að fella þessi verðmæti undir brunabóta- og fasteignamat og gera tryggingahæf með viðeigandi gjöldum. Viðlagatrygging getur þá komið að tjónum, sveitarfélög fá auknar tekjur, bankar fá skýrara verðmat og tryggingafélög hafa hér hagsmuna að gæta. Uppfæra brunabótamat húsa oftar. Skoða hvort ekki eigi að vera tvenns konar mat, núverandi brunabótamat og tjónamat sem miðast við altjón vegna jarðskjálfta og annarra náttúruhamfara þar sem grunnvirki eyðileggjast ásamt húsi.
2. Breyta þarf lögum um fasteigna- og brunabótamat og enn fremur breyta lögum um Viðlagatryggingu.
3. Hér er mælt með að farið verði í endurmat á verðmætum utanhúss á öllu landinu og jarðskjálftasvæðið á Suðurlandi gert að undirbúnings- og tilraunaverkefni.
4. Fjármagn í verkefnið komi frá sveitarfélögum, bönkum, tryggingafélögum og Viðlagatryggingu.

Kaflinn hér á eftir skiptist í fernt: Mál varðandi Viðlagatryggingu, mál varðandi brunabóta- og fasteignamat, aðrar úrbætur og ábendingar og að lokum upplýsingar um tjón, tjónþola og afgreiðslu styrkja.

Viðlagatrygging

Mat og bætur Viðlagatryggingar voru oft hluti af erindum þeirra sem leituðu til þjónustumiðstöðvarinnar og Viðlagatrygging vísaði oft tjónþolum til þjónustumiðstöðvarinnar þegar tjónið féll ekki undir bótasvið Viðlagatryggingar. Samstarf við starfsfólk Viðlagatryggingar var mjög gott, samráðsfundir haldnir eftir þörfum og oftast voru skil á ábyrgðarsviðum hvors aðila skýr, þ.e. Viðlagatrygging bætti það sem féll undir brunabótamat en jarðskjálftasjóður veitti styrki vegna ýmissa tjóna þar fyrir utan. Þó komu upp nokkur tilvik þar sem skerpa þurfti á þessum skilum, t.d. þegar ýmis verðmæti undir húsum (lagnir, tengivirki o.fl.) eða í nágrenni þeirra skemmdust vegna niðurrifs og endurbygginga eða þegar nágrannar urðu fyrir tjóni þegar rífa þurfti samtengdan bílskúr nágrannans og hinn hlaut skaða af. Einnig þurfti að ákveða hvar ytri mörk á frárennslis undir eða frá húsum væru og þar með ábyrgðarsvið Viðlagatryggingar. Með samráði var líka gætt að því að ekki væri verið að tvíbæta fólki ýmis tjón eða greiða fólki bætur sem það átti ekki rétt á. Slík tilvik voru fá en nauðsynlegt að gæta vel að.

Af þeim kynnum sem starfsfólk þjónustumiðstöðvarinnar hafði af matsferli og bótum er hægt að leggja fram nokkrar hugmyndir til úrbóta.

Nú er fyrirkomulag með þeim hætti að Viðlagatrygging greiðir tjónþola bætur í reiðufé í samræmi við tjónamat og tjónþola er síðan ætlað að gera við upp á eigin spýtur. Hætt er við að sumt af bótafénu fari ekki til viðgerðanna heldur til annarra hluta og ágreiningur er um hvort bætur standi undir viðgerðum.

Hér er lagt til að bætur frá Viðlagatryggingu vegna tjóna verði greiddar samkvæmt reikningum þegar eigandi hefur lokið við viðgerðir og fulltrúi (matsmaður) Viðlagatryggingar staðfest að viðgerðirnar hafi farið fram. Þetta verði gert í stað þess að greiða fólki út peninga fyrir fram. Tjónþolum verði ekki greiddar bætur án þess að fylgst sé með því að þær séu notaðar til viðgerða vegna tjónanna eins og nú er gert. Byggingafulltrúi taki út viðgerðir á mannvirkjum þegar tjónin varða öryggisþætti s.s. burðarþol eða frágang sem fellur undir starfssvið byggingafulltrúa að jafnaði.

Með núverandi bótagreiðslum er engin trygging fyrir að tjónþoli noti bætur til að lagfæra viðkomandi skemmdir og verulegar líkur á að fé sé notað til annars, ekki síst á fjárhagslega erfiðum tímum hjá almenningi. Óvissa um hversu vel hafi verið gert við jarðskjálftaskemmdir skapar tortryggni á fasteignamarkaði og getur beinlínis varðað öryggisatriði húsa. Með því að greiða aðeins fyrir sannanlegar viðgerðir fæst aðallega tvennt, annars vegar verður tryggt að gert verður sómasamlega við skemmdirnar og þref um bótaupphæðina hverfur að mestu leyti þar eð tjónið er bætt með raunverulegri viðgerð og ekki þarf að þrátta um hvort fjárhæðin dugi. En auðvitað getur komið upp ágreiningur hvort verkið hafi verið nógu vel unnið en það er annað mál.

Vegna gífurlegs gengisfalls íslensku krónunnar og mikilla verðhækkana lentu ýmsir tjónþolar í því að mat á tjóni þeirra stóð ekki undir kaupum á efni til viðgerðanna. Viðlagatrygging greiðir vexti á matsupphæðina og er veruleg hjálp í því í venjulegu árferði. Þessi tímamunur á mati og útgreiðslu á styrk úr jarðskjálftasjóði kom líka fram í stuðningi þjónustumiðstöðvarinnar. Jarðskjálftasjóður greiddi hins vegar ekki vexti og var nokkrum sinnum kvartað yfir þessum mun á mati og verðmæti þess styrks sem greiddur var.

Viðlagatrygging greiði verkfræðikostnað og annan sérfræðikostnað sem hlýst af málskoti til óháðs aðila s.s. verkfræðistofu. Málskot þetta hefur mikið verið notað eftir skjálftann 2008 þegar tjónþoli er ekki sáttur við mat matsmanna á vegum Viðlagatryggingar. Málskot þetta er ekki yfirmat eða niðurstaða úrskurðarnefndar eða dómsúrskurður heldur nokkurs konar flýtleið til þess að forðast tíma- og fjárfrekan úrskurð í yfirmati, úrskurðarnefnd og jafnvel málaferli þegar allt um þrýtur.

Eftir skjálftann 2008 greiddu sveitarfélögin þetta málskot og fengu síðan endurgreitt frá jarðskjálftasjóði ríkisins. Eðlilegt er að Viðlagatrygging greiði þennan málskotskostnað til verkfræðistofanna enda tengist málskotið stjórnslu þeirra, sparar þeim yfirmat og úrskurðarnefnd en er alveg ótengt jarðskjálftasjóðnum. Það er líka óheppilegt að þriðji aðili, þ.e. jarðskjálftasjóður, greiði kostnað vegna ágreinings tveggja aðila. Nauðsynlegt er að skerpa á þessum atriðum, sérstaklega ef jarðskjálftasjóði á fjáraukalögum er ætlað að greiða kostnaðinn.

Fastar verklagsreglur um vinnubrögð matsmanna á vegum Viðlagatryggingar og þjónustumiðstöðvar þurfa að liggja fyrir og tryggja að eftir þeim sé farið, þ.m.t. verklagsreglur

um framkomu og viðmót við tjónþola og aðeins séu gefnar yfirlýsingar og upplýsingar sem byggðar eru á traustu mati.

Starf Viðlagatryggingar er afar vandasamt og hafa starfsmenn þar margan flókinn vanda leyst. Miklir fjárhagslegir hagsmunir tjónþola eru í húfi og tjónþolar undir miklu álagi og á sama tíma er reynt að forðast að skapa fordæmi sem setur jafnræðisreglur úr skorðum. Nokkur álitamál og umkvartanir komu til þjónustumiðstöðvarinnar, einkum vegna niðurstöðu og verklags matsmanna á vegum Viðlagatryggingar og var þeim ábendingum komið áfram til Viðlagatryggingar. Í þessum tilvikum var oft óskað eftir að jarðskjálftasjóður bætti tjón sem tjónþolar töldu sig ekki hafa fengið bætt hjá Viðlagatryggingu.

Brunabóta- og fasteignamat

Uppfært brunabótamat. Jarðskjálftasjóður hefur greitt mjög háa styrki vegna uppfærðs brunabótamats en stjórnvöld ákváðu að tjónþolar fengju greiddan styrk sem næmi mismun á bókfærðu brunabótamati og endurmetnu mati sem miðaðist við skjálftadag. Sú ákvörðun var með hliðsjón af því sem var gert í kjölfar skjálftans 2000. En þá þarf að hyggja að því að það ár gengu yfir breytingar á brunabótamati og mismunur var á mati eigna. Þetta var lagfært með uppfærslu á mati og þar með styrkjum. Þessu ójafnræði var ekki til að dreifa eftir skjálftann 2008. Allsherjar endurmat var gert í landinu árið 2001 og er það grunnur að núverandi skráningu brunabótamats.

Endurmatið á brunabótamati í maí 2008 var ekki fært í bækur hjá Fasteignaskráningu (FMR) en notað til að meta styrkuppþæðina. Þetta var gert enda þótt það sé á ábyrgð eigenda að uppfæra brunabótamat eigna sinna eftir því sem viðhald og endurbætur kunna að auka verðmæti húsa þeirra.

Ef öflugur jarðskjálfti verður á mjög þéttbýlu svæði, t.d. einhvers staðar á höfuðborgarsvæðinu eða öðrum þéttbýlisstöðum, þá verða þar gríðarleg útgjöld ef ríkissjóður á að greiða uppfærslu á brunabótamati en gera verður ráð fyrir að ástand á skráningu brunabótamats sé ekki skárri þar en reyndist raunin á skjálftasvæði Suðurlands.

Nánar má lýsa þessu á eftirfarandi máta. Húseigendur sinna ekki uppfærslu á brunabótamati á húsum sínum annaðhvort vegna vanþekkingar á reglunum eða til þess að sleppa við hærri iðgjöld eða vegna kæruleysis. FMR hefur gert mat á húsum sem urðu altjóna eða á að rífa eftir jarðskjálftann 2008 að beiðni þjónustumiðstöðvarinnar og kemur þar fram hversu hátt brunabótamat hefði verið ef það hefði verið uppfært á skjálftadegi. Þetta mat er ekki fært í bækur FMR en er notað til þess að ákveða bætur til tjónþola úr jarðskjálftasjóði. Þær nema mismun á bókfærðu brunabótamati og matinu sem fæst út úr nýja matinu og miðaðist við ástand eignarinnar á skjálftadegi. Að meðaltali voru þessar bætur margar milljónir á hvert hús sem endurmetin voru eftir skjálftann. Þetta voru kostnaðarsömstu liðirnir í styrkjum á jarðskjálftasvæðinu.

Í fyrsta lagi þarf að finna leið til að húseigendur uppfæri brunabótamat á mannvirkjum sínum jafnt og þétt og hins vegar að ríkisvald og sveitarfélög gefi skýr skilaboð um að ekki verði framar greiddur styrkur vegna vanskráðs brunabótamats ef það er ætlunin að slíkir styrkir verði ekki veittir framvegis. Þetta er hægt að gera með ýmsum hætti, m.a. að FMR geri tíðar endurmat á húsum eða með yfirlýsingum og fræðslu til húseigenda. Opinberir aðilar gefi út skýra og vel kynnta yfirlýsingu þess efnis að í næsta jarðskjálfta verði ekki greiddir styrkir vegna

endurmetins brunabótamats. Hjá forsætisráðuneyti liggur fyrir samantekt á því hversu há upphæð hefur verið greidd í heild fyrir allar uppfærslur á brunabótamati í Suðurlandsskjálftunum 2008.

Verðmæti utanhúss eru ekki innifalin í brunabóta- og fasteignamati og verða opinberir aðilar þar af miklum tekjum. Utanhúss eru nú orðið afar mikil verðmæti svo að skipt getur milljónum króna. Þar er um að ræða stéttar, snjóbræðslukerfi, palla, timburveggi, steinhlaðna veggi, heita potta, skrauthleðslur o.fl. af slíku tagi. Þessi miklu verðmæti eru ótryggð, falla ekki undir Viðlagatryggingu og eru ekki í brunabóta- eða fasteignamati. Þetta er nauðsynlegt að lagfæra og um leið að afla tekna fyrir opinbera aðila. Aftur skal bent á þær aðstæður sem gætu skapast ef greiða á sambærilega styrki eftir jarðskjálfta á mjög þéttbýlu svæði. Bráðnauðsynlegt er að fella þessi verðmæti inn í tryggingakerfi sem fyrst ef komast á hjá stórfelldum og ófyrirséðum útgjöldum ríkissjóðs. Spurningin er sennilega ekki hvort slíkur skjálfti verður heldur hvenær. Þá verða gerðar afdráttarlausar kröfur á ríkissjóð um jafnræði í styrkjum við það sem gert var á Suðurlandi árið 2008.

Jarðskjálftasjóður greiddi 80% af tjóni á þessum verðmætum að frádregnum virðisaukaskatti af vinnuþætti viðgerðanna.

Vatnslagnir og frárennslismannvirki

Vatnslagnir, skolpleiðslur og önnur frárennslismannvirki frá húsum út í miðlægt veitukerfi er utan allra trygginga og ber eigandi tjón sem kann að verða í jarðskjálfta. Enn fremur eru rotþrær utan þéttbýlis utan tryggingakerfis en á móti fær eigandi niðurfelld gatnagerðargjöld. Þarna á það sama við og áður er getið um verðmæti utanhúss. Tjónþolar í næsta jarðskjálfta munu gera kröfu um að ríkið gæti jafnræðis og greiði þeim svipaða styrki og jarðskjálftasjóður gerði núna á Suðurlandi 2008.

Jarðskjálftasjóður greiddi 80% af tjóni á þessum verðmætum að frádregnum virðisaukaskatti af vinnuþætti viðgerðanna.

Ótryggð innbú

Ótryggð innbú skemmdust allmörg í skjálftanum í maí 2008. Jarðskjálftasjóður greiddi 70% af slíkum tjónum en þó aldrei hærra upphæð en kr. 650 þúsund. Þetta var gagnrýnt af ýmsum og talið ósanngjarnt að þeir sem sleppt hafa að greiða tryggingar skuli fá einhverjar bætur. Hins vegar þurfti að líta til þess að ýmsir voru svo illa staddir fjárhagslega að þeir slepptu að tryggja. Meðal þeirra voru einstæðar mæður sem áttu ekkert nema innbú sitt sem eyðilagðist svo að segja allt. Sterkur vilji var að bæta slíkt en þá kom til jafnræðissjónarmið og ákveðið var að greiða öll ótryggð innbú upp að því marki sem að framan greinir.

Eðlilegt er að skoða breytingar á þessu. Einfaldast er að gefnar verði út yfirlýsingar um að ótryggð innbú verði ekki bætt eftir næsta skjálfta og fá tryggingarfélög í lið með ríkisvaldi að gera fólki grein fyrir þessari ákvörðun. Þá kemur einnig til greina að skilgreina þá sem eru bágstaddir og greiða þeim styrk vegna skemmda á ótryggðu innbúi. Slíkt væri hægt að gera í gegnum félagskerfi sveitarfélaganna. Þar með gengi ekki fyrir alla að fá styrk vegna ótryggðs innbús burt séð frá efnahag og meðvitaðri ákvörðun sumra að vera ekki með innbústryggingu.

Niðurrif og förgun húsa

Niðurrif og förgun húsa var greidd úr jarðskjálftasjóði. Þetta var gert til þess að flýta fyrir að húsin yrðu rifin og að bæjarfélögin kæmust sem fyrst í eðlilegt horf bæði hvað varðaði ásýnd og fasteignamarkað. Einnig var með þessu komið í veg fyrir að tjónþolar drægju að rífa hús sín og hlypu jafnvel frá þeim að hruni komnum. Var þá einnig horft til öryggissjónarmiða og að koma þyrfti lóðum undir byggingar að nýju. Þetta var gert ef húsin voru gífurlega skemmd og eigendur treystu sér ekki til að endurbyggja þau.

Kostnaður við niðurrif og förgun er í raun innifalin í brunabótum sem tjónþolar fengu greiddar frá Viðlagatryggingu. Styrkurinn kom því til viðbótar við brunabæturnar. Vel kann þó að vera að niðurrifs- og förgunarkostnaður sé vanmetinn sem hluti af brunabótamatinu. Skoða þarf hvort auka eigi þennan þátt í brunabótamatinu um leið og yfirlýsing yrði gefin um að niðurrif og förgun verði ekki greidd eftir næsta skjálfta.

Horfa verður til þess að altjón á húsi í jarðskjálfta er oftast miklu meira en við bruna. Í jarðskjálfta eyðileggjast öll grunnvirki húsanna s.s. steypdur grunnur, lagnir o.fl. en í bruna sleppa þessir þættir nær alltaf. Athuga þarf hvort koma eigi á sérstöku altjónamati vegna jarðskjálfta sem þá er hærra en altjónið sem miðast við bruna.

Mat og greiðslur vegna tjóna utanhúss úr jarðskjálftasjóði

Styrkur var aldrei greiddur úr jarðskjálftasjóði nema matsmaður hefði gert skýrslu um tjónið og eigandi samþykkt. Styrkurinn var þá fyrst greiddur að matsmaður hefði staðfest að viðgerð hefði farið fram, þ.e.a.s. ekki var hafður sami háttur á og hjá Viðlagatryggingu að greiða bætur og láta síðan eigandann um hvort, hvenær og hvernig hann gerði við skemmdirnar.

Jarðskjálftasjóðurinn greiddi styrki samkvæmt framlögðum reikningum og staðfestingu matsmanns á að viðgerðin hefði farið fram. Ef reikningarnir voru lægri en fyrirbyggjandi mat matsmannsins þá var greitt samkvæmt því en matið látið gilda ef viðgerðarkostnaður fór yfir matið. Þetta þarf að endurskoða og sennilega er heppilegast að greiða styrk samkvæmt mati en eftir sem áður að fá reikninga fyrir verkinu og staðfestingu matsmanns. Í langflestum tilvikum voru viðgerðarreikningar jafn háir eða heldur hærri en matið og því óþarfa umstang að fara í gegnum og sannreyna reikninga. Þetta myndi einnig flýta fyrir afgreiðslu mála. Í styrkgreiðslunni var virðisaukaskattur af vinnuþætti verksins dreginn frá þar eð tjónþoli gat fengið slíkt endurgreitt frá skattstjóra. Einnig þarf að fara yfir hvernig á að fara með mál þegar eigandi vinnur sjálfur að viðgerðum og sendir reikning vegna þess. Margir tjónþolar eru iðnaðarmenn, kunna til verka, hafa tæki og eru verkefnalitlir eða atvinnulausir. Erfitt er að banna þessum mönnum að gera við sjálfir.

Aðrar úrbætur og ábendingar

Önnur tjón

Önnur tjón töldust skemmdir af ýmsu tagi s.s. skemmdir á bílum þegar eitthvað hrundi á þá inni í bílskúr, skemmdir á byggingaefni í bílskúrum og enn fremur skemmdir á borholum, kaldavatnslögnum, skemmdir á mannvirkjum svo sem ræsum og smábrúm í einkaeign o.s.frv. Ástæða er til að brýna fyrir almenningi að tryggja slíkar eignir.

Rekstrarstöðvanir

Rekstrarstöðvanir urðu allnokkrar. Styrkur var greiddur ef skemmdir á húsum og búnaði leiddu til þess að ekki var hægt að halda rekstrinum gangandi. Veruleg ástæða er til að endurmeta styrki í þessum flokki þar eð oft var óskað eftir styrkjum vegna samdráttar í viðskiptum vegna minni aðsóknar án þess að skemmdir hefðu orðið á húsum og búnaði og leigusalar óskuðu sömuleiðis eftir styrkjum þar eð leigjendur höfðu farið og neitað að greiða leigu í skemmdu húsi. Ástæða er til að gera kleift að tryggja rekstur fyrir jarðskjálftatjóni hjá tryggingafélögum eða að Viðlagatrygging tæki slíkt inn í sitt kerfi og hæfi fræðslu á líklegum jarðskjálfta- og hamfarasvæðum um þessa áhættu í rekstri jafnhliða yfirlýsingum um að slíkir styrkir verði ekki veittir.

Styrkir vegna bágstaddra

Sérstakir styrkir vegna bágstaddra eru fáir en afar brýnir í kjölfar jarðskjálfta. Aðstæður sumra fjölskyldna voru ömurlegar en féllu ekki undir neinar tryggingar eða stuðning frá jarðskjálftasjóði. Heppilegast er að slíkir styrkir séu settir í umsjá félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélags hvort heldur sem féð kemur síðan úr ríkissjóði eða frá sveitarfélögunum.

Gámaleiga

Gámar til geymslu á húsbúnaði voru nauðsynlegir eftir skjálftann. Þetta eru ekki stórar upphæðir en kemur sér afar vel fyrir tjónþola. Jarðskjálftasjóður greiddi styrki vegna þessa.

Hús í byggingu án smíðatryggingar

Fólk með hús í byggingu án smíðatryggingar fékk styrk. Þetta voru ekki mörg tilvik en gat numið verulegum upphæðum. Hæsti styrkurinn var um 27 milljónir króna. Yfirleitt er um verktaka að ræða og ganga þeir hart fram í að fá styrki sem þeir telja sig eiga að fá í ljósi jafnræðis við aðra verktaka og húseigendur. Þetta er flókinn styrkjaflokkur og nauðsynlegt að herða aðgerðir til að hús í byggingu verði tryggð með smíðatryggingu. Slíkt er e.t.v. hægt að gera með lagasetningu, yfirlýsingum stjórnvalda og auknu eftirliti byggingafulltrúa ásamt e.t.v. fleiri aðferðum.

Illa staddir tjónþolar

Illa staddir tjónþolar eru sérstaklega þeir sem áttu verðlítill hús sem eigi að síður nægðu íbúnum svo lengi sem ekkert kom upp á. Þegar þessi hús eyðilögðust fengust bætur úr Viðlagatryggingu sem miðuðust við brunabótamat en það var eðlilega svo hörmulega lágt að eigendur gátu ekki keypt viðunandi húsnæði fyrir bæturnar. Mörg slík hús voru á skjálftasvæðinu en þar hafði efnalítið fólk fundið ódýr hús sem vel áttu að duga til frambúðar en voru með lágt brunabótamat og því fengust sáralitlar bætur. Í þessum hópi er ekki síst eldra fólk eða illa staddir einstaklingar með lágar tekjur og enga burði til að taka ný lán eða krafta til að byggja nýtt hús. Þetta fólk lenti því sem næst á götunni eða á framfæri sveitarfélaga að einhverju leyti.

Eignir sem snúast í andhverfu sína

Óskemmdar eignir geta snúist í andhverfu sína. Flest dæmi í þessa veru eru bílskúrar sem voru dæmdir viðgerðarhæfir eða óskemmdir en íbúðarhúsið var altjóna og rífið. Þá stóð bílskúrin

eftir og var verri en enginn því að engar bætur fengust fyrir hann úr Viðlagatryggingu en hann var eingöngu til trafala á lóðinni sem nú var ætluð undir nýja byggingu. Skúrin varð til þess að nýir kaupendur vildu ekki lóðina eða settu það sem skilyrði í kaupunum að skúrin yrði fjarlægður því að enginn vildi byggja við skúrin. Á þessu er nauðsynlegt að leita lausna því að skaði eigandans er ótvíræður þegar hann verður að bæta niðurrifi á eigin kostnað við annað tjón sem hann varð fyrir.

Tilraunir til óréttmætra styrkja

Tilraunir til óréttmætra styrkja voru ekki margar en afar mikilvægt er að hafa vandvirkan og hlutlausan matsmann að störfum hjá þjónustumiðstöðinni eins og tilvikið var eftir skjálftann 2008. Best er að hann sé af skjálftasvæðinu sjálfu og þekki til manna og aðstæðna og sé í nánu samstarfi við starfsfólk Viðlagatryggingar og stjórnarsýslu viðkomandi sveitarfélaga. Sömuleiðis reyndist ómetanlegt að hafa í þjónustumiðstöðinni starfsmann sem þekkti vel til á svæðinu.

Verkferlar við afgreiðslu erinda og styrkja

Verkferlar við afgreiðslu erinda og styrkja þurfa að vera fastmótaðir. Þannig voru verkferlar m.a. vegna niðurrifs og förgunar settir í fastar skorður. Sveitarstjórn setti upp teymi til að halda utan um þessi mál. Í því var bæjarritari og byggingafulltrúi. Sérstakur starfsmaður á vegum byggingafulltrúa annaðist niðurrifsmál og þ.m.t. það sem sneri að lóðamálum. Verkfræðistofa var fengin til að bjóða út allt niðurrif og förgun, lægsta tilboði var tekið, verktaki vann verkið undir eftirliti verkfræðistofunnar sem síðan sendi reikninginn til þjónustumiðstöðvar og jarðskjálftasjóðs til greiðslu. Eigandi óskaði eftir niðurrifsheimild hjá byggingafulltrúa en kom að öðru leyti ekki að verkinu og greiddi ekki verktaka heldur gerði jarðskjálftasjóður það eftir staðfestingu þjónustumiðstöðvar og verkfræðistofunnar. Aðrir verkferlar s.s. skoðun, mat og matsskýrsla vegna skemmda voru fastmótaðir svo og skráning mála og afgreiðsla þeirra til stjórnvalda. Sama þarf að eiga við um samskipti allra sem koma að ákvörðunum um aðstoð, styrki og stuðning.

Ákvarðanir um styrki

Ákvarðanir um styrki úr jarðskjálftasjóði er eðlilegast að séu í höndum þjónustumiðstöðvarinnar og forsætisráðuneytisins. Teymi var sett upp í fyrstu og voru í því bæjarstjórar og fulltrúar ráðuneytisins. Þetta var gott fyrirkomulag til þess að móta verklagsreglur og ákvarða þær tegundir tjóna sem styrkja ætti. Að því loknu var afgreiðsla mála í höndum þjónustumiðstöðvar og ráðuneytisins og er það eðlilegt þar sem fjárhagsleg ábyrgð liggur þar. Hins vegar er alger nauðsyn að starfsfólk þjónustumiðstöðvar geti leitað ráða og umsagnar hjá bæjarstjórum og lykilstarfsmönnum sveitarfélaganna og þeir sömuleiðis komið sínum málum að hjá starfsfólki þjónustumiðstöðvarinnar.

Tjón hjá opinberum stofnunum og fjárveitingar til þeirra

Fjárveitingum vegna tjóna hjá opinberum stofnunum á jarðskjálftasvæðinu var beint í gegnum vinnslufarveg þjónustumiðstöðvar og jarðskjálftasjóðs. Þetta var ekki innan fjárveitinga fagráðuneyta hvernar stofnunar fyrir sig heldur var kostnaður vegna jarðskjálftaskemmda settur í fjárukalögin sem stóðu að baki jarðskjálftasjóðnum og stofnanirnar skiluðu tjónamati til þjónustumiðstöðvarinnar. Þetta fyrirkomulag gekk ágætlega en þarf að ræða hvort um sé að

ræða framtíðarfyrirkomulag eða ekki. Þá þarf einnig að hafa í huga að ýmis verðmæti opinberra stofnana eru ekki tryggð heldur fellur tjón beint á ríkissjóð.

Upplýsingar um tjón, tjónþola og afgreiðsla styrkja

Samantekt á tjónum dagsettum 25. nóvember 2008 er að finna í skjali unnu í þjónustumiðstöðinni sem var lagt fram í forsætisráðuneytinu og liggur til grundvallar þessum hluta fjárukalaganna í desember 2008. Þetta plagg inniheldur nöfn, heimilisföng og aðrar persónulegar upplýsingar, tegund tjóna og mat á fjárhagslegu tjóni og hugsanlegum styrkjum ef samþykktir yrðu. Skjalið er í tölvutæku formi og á pappír. Það verður meðal fylgiskjal til geymslu í forsætisráðuneyti ásamt öðrum gögnum, bréfum, tölvuskram, matsskýrslum o.fl. Önnur erindi og þar með afgreiddir styrkir eru á sérstökum skilagreinum sem forsætisráðuneytinu var sent frá þjónustumiðstöðinni ásamt stuttum skýringum en að baki hverjum styrk liggur matsskýrsla matsmanns sem samþykkt hefur verið af tjónþola. Styrkur er því aðeins greiddur að matsmaður votti að viðgerð hafi farið fram.

Tegundir tjónanna eru eftirfarandi: Ótryggð innbú, mannvirki við hús, hús í byggingu, frárennislislagir, önnur tjón, niðurrif og förgun, rekstrarstöðvanir, gámar, endurmat. Áætlaðir styrkir vegna þessa voru samtals kr. 321.888.431. Þar við bættist tjón opinberra stofnana sem var bætt úr ríkissjóði í gegnum jarðskjálftasjóðinn, samtals kr. 50.788.725.

Frá nóvemberlokum 2008 og til ársloka 2009 hafa bæst við allnokkur mál umfram það sem kom fram í erindaskránni í nóvember 2008. Í desember 2009 kom yfirlit frá þjónustumiðstöð yfir erindi og óskir um styrki sem ekki höfðu verið afgreidd og er það yfirleitt vegna þess að tjónþoli hefur ekki lokið framkvæmdum og margir munu ekki gera það fyrr en næsta sumar.

Ýmis álitamál og örfá ágreiningsmál hafa komið upp en öll verið leyst og hefur þjónustumiðstöð og forsætisráðuneyti notið stuðnings lögfræðings í fjármálaráðuneyti við þær úrlausnir.

Staða mála í lok árs 2009

Síðustu mánuði hafa verkefni þjónustumiðstöðvar nær eingöngu varðað erindi vegna tjóna og afgreiðslu þeirra til forsætisráðuneytisins. Eins og áður segir eru nokkrir tugir erinda óafgreiddir vegna þess að framkvæmdum er ekki lokið og eru upplýsingar um þau og áætlaðar upphæðir í skjali hjá forsætisráðuneyti. Þó hefur nokkrum sinnum verið óskað eftir ráðgjöf og upplýsingum um önnur mál en styrki og verkefnisstjóri hefur mætt á ýmsa fundi því tengdu. Mörg af þeim erindum á þessum síðustu mánuðum hafa verið tímafrek og vandasöm vegna flókins eðlis þeirra og ýmis konar tímafrekra samskipta við tjónþola, þ.á m. kröfum um hærri styrki. Nær undantekningarlaust eru slíkar kröfur frá rekstraraðilum en ekki einstaklingum. Allt hefur það samt verið leyst en þó munu þrír aðilar vera afar óánægðir með niðurstöðu í sambandi við þann styrk sem þeir fengu. Niðurstaða þjónustumiðstöðvar og forsætisráðuneytis er í þeim tilvikum byggð á traustum matsskýrslum og lögfræðilegri ráðgjöf. Búast má við að meðal þeirra mála sem bíða framkvæmda verði einhver töf.

Verkefnisstjóri telur að almenn ánægja sé meðal þeirra sem leitað hafa til þjónustumiðstöðvarinnar á því rösklega eina og hálfu ári sem liðið er frá jarðskjálftanum og að nær allir hafi fengið úrlausn sinna mála. Samstarf við alla viðkomandi aðila hefur verið einstaklega ánægjulegt, faglegt og árangursríkt. Fyrir það þakkar verkefnisstjóri þjónustumiðstöðvarinnar.

6. Almenn niðurstaða um rekstur þjónustumiðstöðvar

Þjónustumiðstöð vegna Suðurlandsskjálfta var komið á fót með stoð í nýjum lögum og að tilhlutan ríkisstjórnarinnar undir forræði dómsmálaráðuneytis en síðan var ríkislögreglustjóranum og almannavarnadeild falið að annast framkvæmdir. Þjónustumiðstöðin hefur verið í Tryggvaskála á Selfossi. Hún hefur tekið við mörg hundruð erindum og ýmist leyst þau eða komið þeim til úrlausnar hjá öðrum. Eftir að fyrstu viðbrögðum lauk heyrði þjónustumiðstöðin undir forsætisráðuneytið og var þar fyrst og fremst unnið að mati á tjónum sem voru utan tryggingakerfis og tillögum um styrki vegna þeirra. Forsætisráðuneytið fékk forræði yfir sérstakri fjárveitingu með fjárukalögum og með þeim hætti hefur verið hægt að verða við styrkbeiðnum í samræmi við verklagsreglur sem mótaðar voru.

Starfsemi þjónustumiðstöðvarinnar má skipta í fernt

- Í fyrsta lagi má nefna þátttöku fagaðila í fyrstu viðbrögðum, þar að auki aðstoð við samhæfingu sveitarfélaga og að greiða fyrir tengslum þeirra við ráðuneyti og ríkisstofnanir.
- Í öðru lagi hefur starfið falist í að hafa opið hús, taka á móti fólki, veita því upplýsingar og leiðbeiningar, taka á móti umkvörtunum, reka erindi þess og beinlínis vera athvarf sem allir gátu leitað til. Enginn staður hentaði betur en Tryggvaskáli til þessa.
- Í þriðja lagi hefur í þjónustumiðstöðinni verið tekið á móti, skráð og metið tjón sem lenti utan hins hefðbundna tryggingakerfis og hafa þau erindi verið lögð fyrir hóp ráðuneytisstjóra og sveitarstjóra.
- Í fjórða lagi hefur starfsfólk þjónustumiðstöðvarinnar séð um samræmingu ýmissa aðila á svæðinu s.s. sveitarfélaga, stofnana, félagasamtaka o.fl.

Samantekt, einu og hálfu ári eftir skjálfta

- Enginn vafi er á að rekstur þjónustumiðstöðvarinnar til lengri tíma en fyrsta viðbragðstímabils hefur sannað gildi sitt, fyrst og fremst hvað varðar þjónustu við almenna borgara og til að annast samræmingu og milligöngu. Einu og hálfu ári eftir skjálftann er fólk enn að leita til þjónustumiðstöðvarinnar þó að sjaldan sé. Þjónustumiðstöðin var aðeins einn þáttur í viðbrögðum og uppbyggingu í kjölfar skjálftanna og naut faglegrar forsjár Almannavarnadeildar RLS og reynslu í ráðuneytum og sveitarfélögum.
- Allir viðbragðsaðilar stóðust kröfur um fagmennsku, samhæfingu og nærgætni í samskiptum við íbúa svæðisins.
- Fagstofnanir og sjálfbóðaliðasamtök unnu frábært starf og uppskáru góðan árangur en einnig þakklæti og lof almennings.
- Sveitarfélög og ríkisstjórn komu strax fram af festu og sköpuðu öryggi hjá almenningi og stofnunum.
- Samhæfing sveitarfélaganna í helstu verkefnum var mjög árangursrík og þar kom einnig til skjalanna samstarf við stofnanir ríkisins. Þar má nefna áfallahjálp og húsnæðismál. Samhæfing var einnig um margvíslega aðra þjónustu svo sem milli byggingafulltrúanna,

almanavarnanefnda, skólafólks, upplýsingar og fundi með fólki af erlendum uppruna og fleira mætti telja. Með þessu móti fengu íbúar sveitarfélaganna allir sams konar viðmót og sambærilega þjónustu.

- Í þjónustumiðstöðinni í Tryggvaskála var unnið að flestum þessum verkefnum með viðkomandi aðilum.
- Tryggingafélög og Viðlagatrygging sáu um að skoða innbú og greiddu bætur skjótt. Það vakti mikla ánægju.
- Almennir borgarar hafa viljað láta gott af sér leiða og hefur það m.a. birst í verkefnum tveggja klúbbsamtaka. Lions-hreyfingin lagði til 10 þúsund dollara til sálræns stuðnings við aldraða og Kiwanis-hreyfingin lagði til eina milljón króna til verkefnis í samvinnu við RKÍ um fræðslu og viðbrögð við jarðskjálftanum í grunnskólum.
- Nauðsynlegt er að lagfæra ýmislegt þegar lög um viðlagamál verða endurskoðuð, ekki síst matsferlið við húseignir, meðferð og greiðslumáta á bótafé til tjónþola, brunabótamat og fasteignamat þarf að endurskoða með tilliti til hve gríðarleg verðmæti eru ótryggð utanhúss, þess vegna þarf að endurskoða þar að lútandi lög, reglugerðir og iðgjöld af verðmætum utanhúss, enn fremur verkaskiptingu og kostnaðarskiptingu sveitarfélaga og ríkis og leiðir til félagslegs stuðnings.
- Margvísleg hagnýt reynsla í viðbrögðum og samskiptum hefur safnast hjá hinum ýmsu fagaðilum sem unnið hafa að eftirmálum jarðskjálftanna. Þau atriði koma sennilega fram í frágangs- og ferliskýrslum aðilanna.
- Jarðskjálftar í þéttbýli valda tjóni sem er á ýmsan máta ólíkt annarri vá s.s. snjóflóðum, sjávarflóðum, farsóttum o.s.frv. Jarðskjálftar á mjög þéttbýlum svæðum valda eignatjóni hjá gríðarlega mörgum, þ.e. einstaklingum, fjölskyldum, heimilum, fyrirtækjum, stofnunum o.fl. Eyðilegging mannvirkja getur verið víðtækari en í bruna því að grunnvirki húsanna eyðileggjast, þ.e. grunnar, lagnir o.s.frv. Hér er lagt til að gerðar verði endurbætur á tryggingum ótryggðra eigna, bótakerfi Viðlagatryggingar, kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga, ábyrgð húseigenda og innbúseigenda verði aukin, gefnar verði út yfirlýsingar um hvað verði bætt og hvað ekki eftir næsta skjálfta.
- Sterklega er mælt með að farið verði strax í undirbúningsátak á líklegustu jarðskjálftasvæði landsins og sveitarfélög undirbúi sig fyrir slíka vá. Björgunarsveitir héraðanna verði virkjaðar til að heimsækja íbúa og gefa ráð og yfirfara heimili m.t.t. aukins öryggis.
- Mat á tjónum á ótryggðum eða vantryggðum eignum og styrkir vegna þeirra ásamt kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga verði gert að sérstöku verkefni á vegum viðeigandi aðila ríkis og sveitarfélaga.
- Rekstur þjónustumiðstöðvar þarf fyrst og fremst að hafa að leiðarljósi stuðning og mannúð í garð þeirra sem verða fyrir verulegu áfalli og tjóni, veita upplýsingar og ráðgjöf, léttu álagi af sveitarfélögum og ráðuneytum, taka að sér þau verkefni sem Almanavarnadeild felur miðstöðinni og veita henni upplýsingar um gang mála og vera aðgengileg lengi eftir að jarðskjálfti ríður yfir. Með því er ekki verið að leggja til mikið umfang og kostnað heldur að símalínan sé opin og leyst sé úr erindum fólksins. Afleiðingar jarðskjálfta geta komið fram löngu eftir að hann gekk yfir.

Fylgiskjöl

Vinnugögn frá verkefnisstjóra þjónustumiðstöðvarinnar



Janúar 2010
Forsætisráðuneytið